



**Samtakahópurinn, fundur haldinn 02.04.2025 kl. 14:00 í  
Ráðhúsinu, Grænásbraut 910**

**Mætt: Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Ragnhildur Magnúsdóttir, Telma Ingadóttir, Helga Hafsteinsdóttir, Laufey Bjarnadóttir, Dagný Sveinsdóttir, Elín Rafnsdóttir, Þormóður Logi Björnsson, Ragnhildur Birna Hauksdóttir, María Albertsdóttir, Ljiridonna Osmani, Guðfinna Eðvarðsdóttir, María Guðmunda Pálsdóttir, Friðgerður Auðunsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Elín Ingibjörg Kristófersdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina**

\*\*\*

***Fundargerð***

**Kynning frá Forvarnar- og meðferðarteymi barna (Sálfélagsleg þjónusta HSS)**

Á fundinum kynntu Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Ragnhildur Magnúsdóttir og Telma Ingadóttir starfsemi Forvarnar- og meðferðarteymis barna (FMTB) sem er hluti af sálfélagslegri þjónustu HSS. Teymið sinnir börnum og unglingum að 18 ára aldri sem glíma við vægan til miðlungs alvarlegan klínískan vanda, m.a. kvíða, þunglyndi og áföll. Teymið er staðsett að Hafnargötu 90 og samanstendur af sálfræðingum og fjölskyldufræðingi.

Helstu meðferðarúrræði FMTB eru hugræn atferlismeðferð, tilfinningastjórnun og foreldraráðgjöf. Teymið veitir ekki greiningar á t.d. ADHD eða einhverfu og starfar fyrst og fremst sem skammtímaúrræði (6–12 viðtöl).

Kynnt voru skilyrði fyrir tilvísun og dæmi um frávísunarviðmið, svo sem virk neysla, alvarleg greindarskerðing og ef vandinn er fyrst og fremst í umhverfi barnsins. Einnig var farið yfir mikilvægi þátttöku alls kerfisins í kringum barnið fyrir árangur meðferðar.

Kynningin frá FMTB var afar gagnleg og upplýsandi. Hún skapaði mikilvæga tengingu milli starfsfólks grunnskóla, velferðarsviðs og starfsfólks FMTB, sem mun nýtast í samstarfi í þágu barna. Í kynningunni voru veittar skýrar upplýsingar um starfsemi teymisins, skilyrði fyrir tilvísunum og þau viðmið sem liggja til grundvallar frávísun. Einnig kom fram hvar hægt er að leita ráðgjafar ef vafi leikur á hvort mál falli innan verksviðs FMTB.



Sérstaklega var lögð áhersla á mikilvægi samvinnu allra sem starfa með börnum. Með því að vinna saman að sameiginlegu markmiði – að veita börnum bestu mögulegu aðstoð – er hægt að tryggja samfellda og árangursríka þjónustu. Kynningin undirstrikaði mikilvægi þess að við eigum greiðan og opinn samskiptavettvang á milli fagaðila og stofnana.

### **Kynning á forvarnarstarfi Myllubakkaskóla**

Elín Rafnsdóttir náms- og starfsráðgjafi Myllubakkaskóla kynnti markvissa forvarnaráætlun Myllubakkaskóla, sem nær til allra aldurshópa. Skólinn vinnur eftir PBS (Positive Behavior Support) og byggja skólareglur á þeim grunni. Viðbragðsáætlanir skólans eru aðgengilegar á heimasíðu þeirra [www.myllubakkaskoli.is](http://www.myllubakkaskoli.is)

Á yngsta stigi er lögð áhersla á tengslamyndun og sjálfsmynd, m.a. með námskeiðum á borð við Vináttufjör. Á miðstigi er m.a. notast við ART (félagsfærni, tilfinningastjórn og siðferði) og Bauju (sjálfsstyrking og tilfinningastjórn). Á unglingsstigi er áhersla lögð á kynheilbrigði, náms- og starfsráðgjöf og skyndihjálp. Tengslakannanir eru gerðar á öllum stigum og áhersla lögð á færni í samskiptum.

Einnig var farið yfir fjölbreytta fræðslu/fyrirlestra frá skólahjúkrunarfræðingi, kynningar frá ytri aðilum og þátttöku í ýmsum viðburðum tengdum forvörnum. Kynningin sýndi vel hversu fjölbreytt og metnaðarfullt forvarnarstarf skólans er, með áherslu á snemmtæka íhlutun, sjálfsstyrkingu og heilbrigð samskipti.

Kynningin þótti sérstaklega mikilvæg í ljósi þess að forvarnarstarf er sífellt í þróun og mikilvægt er að skólar geti lært hver af öðrum. Í kjölfar kynningarinnar sköpuðust líflegar og uppbyggilegar umræður þar sem þátttakendur Samtakahópsins deildu reynslu sinni af þeim fyrirlestrum og forvarnarfræðslum sem hafa reynst vel í þeirra skólasamfélögum.



## Kynning á forvarnarstarfi Njarðvíkurskóla

Helga Hafsteinsdóttir og Laufey Bjarnadóttir kynntu starf nemendaráðgjafa í Njarðvíkurskóla, sem hófst formlega síðastliðið haust og er enn í mótun. Þær sinna starfi nemendaráðgjafa í skólanum, önnur í fullu starfi og hin samhliða kennslu. Meginhlutverk þeirra er að styðja við nemendur sem glíma við félagslegar, persónulegar eða tilfinningalegar hindranir í námi og samskiptum.

Nemendaráðgjafar gegna lykilhlutverki í stoðkerfi skólans og taka virkan þátt í ýmsum teyllum og samstarfsvettvöngum, þar á meðal stoðþjónustuteymi, eineltisteymi, nemendaverndarráði og sem tengiliðir vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna.

Einnig sinna þær einstaklings- og hópaviðtölum, vinna með skólaforðun og vinna með bekkjaranda (verkfærakistan frá KVAN). Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun í nánu samstarfi við forsjáraðilla, kennara og aðra fagaðila í þágu velferðar nemenda.

Kynningin frá Njarðvíkurskóla var mikilvæg í ljósi þess að starf nemendaráðgjafa í Reykjanesbæ er tiltölulega nýtt og enn í mótun. Slíkar kynningar skapa tækifæri til að miðla reynslu og þekkingu á milli skólastofnana. Það skiptir máli að við lærum hvert af öðru og nýtum þau verkefni og verkfæri sem þegar hafa reynst vel, með það að markmiði að efla stuðning við nemendur enn frekar.

Frábær mæting og líflegur fundur!

**Fundi slitið kl. 15:15**

**Næstu fundur: þriðjud. 14. maí kl.14:00 í Ráðhúsinu**